

Fagráð í hrossarækt

110. fundur

Staður og stund: fjar- og staðarfundur í fundarherbergi RML á Austurvegur 1, mánudaginn 3. júlí 2023. Kl. 16.00

Mættir: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Erlendur Árnason og Ágúst Sigurðsson. Í fjarfundi: Mette Mannseth, Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Elsa Albertsdóttir. Sveinn Ragnarsson gat ekki verið viðstaddur,

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Starfsreglur fagráðs.
3. Stofnverndarsjóður.
4. Tilnefning ræktunarbúa og félagatal búgreinadeildar hrossabænda.
5. Hækkun vallargjalda.
6. Fundarferð formanns fagráðs og ræktunarleiðtoga íslenska hestsins um landið.
7. WorldFengur. Núverandi staða og framtíðarvinna.
8. Fundaáætlun fagráðs.
9. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið. Þakkir sendar á fráfarandi formann fagráðs, Sveini Steinarssyni

2. Starfsreglur fagráðs.

Starfsreglur Fagráðs í hrossarækt samkvæmt búnaðarlögum 70/1998 eru *Fagráð er nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknnum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar. Fagráð getur starfað á fagsviði, t.d. hagfræði. Að öðru leyti eru ekki til starfsreglur fagráðs.*

Bændasamtök Íslands (BÍ) óska eftir því að fagráðið verði skipað 5 manns í stað 8 eins og nú, og er það í samræmi við önnur fagráð innan BÍ. Hrossaræktardeild BÍ hefur það hlutverk að tilnefna skipun manna í fagráð í framhaldi af búgreinaþingi BÍ, sendir til umsagnar hjá stjórn BÍ og síðan til staðfestingar hjá matvælaráðherra. Þá kemur fram að það standi til að leggja niður búgreinaþing, og sameina það búnaðarþingi.

3. Stofnverndarsjóður

Ferli umsókna, skilgreining á framvindu verkefna, fyrningartími samþykkra styrkja og innheimta í sjóðinn.

Við síðustu styrksumsókn var ákveðið að það yrði ekki óskað eftir umsóknum fyrr en fyrir lögju eyðublöð sem umsækjendur gætu notað. Þetta var gert til þess að staðla umsóknir sem berast sjóðnum bæði til þæginda umsækjendum og yfirferð umsókna svo nauðsynlegar upplýsingar kæmu fram. Nú liggja fyrir drög að eyðublöðum frá BÍ.

Ekki liggur fyrir hversu miklir fjármunir eru til úthlutunar að sinni.

Stofnverndarsjóður er nokkurn veginn eini sjóðurinn sem hrossaræktendur geta sótt fjármuni í, en þetta fjármagn er ekki að koma í gegnum opinbert fjármagn eins og í öðrum búgreinum. Töluverð umræða var hvernig stofnverndarsjóður er fjármagnaður og hvort þá það ættu ekki að vera allir hrossaræktendur sem greiddu í sjóðinn. Til að mynda við skráningu folalda og eigendaskipta. Enn fremur bar á góma að nauðsynlegt væri að finna nýja tekjustofna til að mæta kostnaði t.d. í kringum kynbótasýningar sem hafa verið reknar með tapi síðustu ár.

Óskað verður eftir umsóknum í sjóðinn sem eiga að berast í síðast lagi 18. ágúst næstkomandi.

4. Tilnefning ræktunarbúa og félagatal búgreinadeildar hrossabænda.

Rætt var um tilnefningu ræktunarbúa og síðustu breytingar á þeirri reglu sem miðast við að á hverju ræktunarbúi sé að lágmarki einn aðili meðlimur í búgreinadeild hrossabænda.

Í framhaldi var rætt um tilnefningu kynbótaknapa ársins en það hefur verið hjá Landssambandi hestamannafélaga (LH) síðustu árin. Tilnefning kynbótaknapa var á síðustu árum gerð á uppskeruhátíð hestamanna sem var sameiginlegur vettvangur LH og Félag hrossabænda en þessi viðburður hefur ekki verið haldinn síðustu ár. Í ljósi þessa er það mál manna að endurskoða þyrfti tilnefninguna, þ.e. hverjir standa að henni og þá hvernig ætti að standa að henni. Tilnefningin hefur tekið mið af reiknireglu sem tekur mið af fjölda sýndra hrossa, aðaleinkunn þeirra og aldri, en einnig tíðni áverka og hvort knapi hafi fengið áminningu á kynbótasýningu.

Fundarmenn voru einróma um að þessi tilnefning væri mikilvægur liður í að sameina hrossaræktarstarfið og vert væri að taka tillit til annarra þátta við tilnefningu til að mynda tilnefna unga upprennandi sýnendur og einstaka frammistöðu, jafnframt rætt að tilnefning kynbótaknapa eigi heima hjá búgreinadeild hrossabænda eins og var á árum áður.

5. Hækkun vallargjalda.

Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins (RML) samþykkti á vordögum hækkun á vallargjöldum eftir að ósk um það barst frá Rangárbökkum ehf.. Eftirfarandi hækkun á vallargjöldum var samþykkt: Fullnaðardómur fer úr 3.210 kr í 4.500 kr og hálfur dómur (sköpulag eða hæfileikar) úr 2.000 kr í 2.800

Í framhaldi var rædd áðursamþykkt hækkun sýningargjalda um tæp 27% og að óskað væri eftir nánari niðurhlutun á kostnaðarliðum. Fagráð í hrossarækt ásamt deild hrossabænda sendi inn erindi til stjórnar RML þar sem þessari hækkun var andmælt. Það er nauðsynlegt að rýna til gagns hvort möguleiki sé á hagræðingu kynbótasýningarhaldsins s.s. fækkun dómara, sköpulagsdómar geti haldist milli ára þannig að ekki þurfi ítrekað að koma með hross til sköpulagsdóms sem þegar hafa hlotið dóm. Það er mikilvægt að fagráð taki forystuna í þessu máli og mun formaður óska eftir nánari útlistun frá RML

6. Fundarferð formanns fagráðs og ræktunarleiðtoga íslenska hestsins um landið.

Nanna formaður fagráðs fór stuttlega yfir fundarferð sem hún og Elsa fóru í um landið þar sem kynnt voru félagsmál hrossaræktardeildar BÍ og almennt hrossaræktarstarfið á næstu misserum. Mæting var misjöfn en nokkuð góð og áhersluþættir fundargesta margvíslegir, t.d. blóðmerahald og nauðsyn þess að merkja blóðmerar sérstaklega í WorldFeng; Landsmót hestamanna, Landsýning sé góður viðburður en Landsmót ættu að haldast óbreytt og ekki ætti að fækka hrossum þar; lækka þyrfti virðisaukaskatt á hrossagreininni; sýningargjöld væru komin að þolmörkum; auka þyrfti þátttöku á kynbótasýningum; breyting á fyrirkomulagi kynbótasýninga t.a.m. að dómara dæmdu aðskildir, auka gagnsæi; aðkoma knapa að úttektum á kynbótabrautum. Almennt var þó álit fólks að svona fundir væru mjög mikilvægir þar sem verðmætar upplýsingar og umræður koma fram og skila sér beint til hrossaræktenda.

Stefnt er að því að fara í fundarferð og fara yfir málefni hrossaræktarinnar innan BÍ og atriði varðandi komandi sýningarár. Beðið er eftir fjárheimild frá BÍ. Það er afar mikilvægt að hitta ræktendur bæði á vorin og á haustin, fara yfir áhersluatriði áður en sýningar hefjast og svo að þeim loknum og fara yfir niðurstöður ársins, bæði til að kynna málefni sem eru uppi hverju sinni og að heyra hvað brennur á ræktendum.

Upplegg BÍ er að árlega sé farið hringferð um landið með starfsmenn BÍ og stjórn BÍ og er formönnum deilda BÍ boðið með. Telur BÍ að þessar fundarferðir eigi að koma í stað m.a. fundarferðar forystu hrossaræktarinnar eins og hefð hefur verið fyrir í gegnum árin á vor og haustin. Það er afar misjafnt eftir svæðum hver áhersla sé og er fagráð efins um að þetta fyrirkomulag nýtist nógu vel hrossaræktinni og mun síður en fundarferð eins og farin var í vor.

7. WorldFengur.

Ágúst Sigurðsson fór yfir stöðu WorldFengs (WF). Hún er sú er að tekjumódelið gengur ekki upp eins og það er í dag. Tekjumódel WF er aðildargjald lands, aðildargjald félaga, auglýsingar og önnur þjónusta eins og vefþjónusta. Aðildargjald

landa er þrepaskipt og fer eftir áætluðum fjölda skráðra folalda innan lands. Aðildargjald félaga er um 1,2 evrur. Vefþjónustur eru mismunandi en verið er að vinna við að endurskilgreina þær, eftir umfangi og eðli upplýsinga sem þær veita aðgang að.

Það er búið er að funda mjög þétt í stjórn WF. RML er búið að vinna vel í að meta stöðuna og hvað þarf að bæta við í þróun og forritun. Þegar RML tók við tölvudeild BÍ sem sá um WF datt upp fyrir gerð hefðbundinnar skýrslugerðar sem kynnt var á FEIF fundum, úr þessu hefur verið greitt nú en það er mikilvægt að standa klár á þessu í slíku samstarfi. Við yfirlýsningu varð líka breyting á ársreikningi WF þar sem kostnaður v/WF á Íslandi var ekki nógu vel sundurgreindur hér á Íslandi. Úr þessu er einnig búið að greiða. Nú er staðan þannig að árlegur taprekstur WF er um 1,5-3 milljónir, sem lendir á RML. Tekjur WF voru tæpar 19 milljónir árið 2022. Umfram kostnaður við skýrsluhald hefur verið 10-15 milljónir á ári. Hérlandis er þetta ekki innheimt nema að litlu leyti ólíkt því sem gengur og gerist erlendis.

Það er ljóst að það þarf að auka tekjur WF um þann taprekstur sem árlega fellur á RML. Enn fremur þarf bæta tekjur til að laga öryggisþætti og forritun í nýrra umhverfi. Þessi fyrsti fasi er um 11.5 milljónir.

Í framhaldi þarf að endurskoða tekjur sem standa undir árlegum rekstri s.s. hækka grunnjald aðildarlandanna, hækka gjald félaga úr 1,2 evrum t.d. upp í 5 evrur, bjóða upp á þrepaskiptan félagaaðgang, skoðendaðgangur og aukinn aðgangur og endurskilgreina vefþjónustur og tekjur sem hljóttast af þeim.

Að lokum var greint frá því að WF mun fara á heimsleikana með kynningarbás.

Umræður voru um að upplýsingar í WF ættu mögulega að vera aðgengilegar öllum að hluta sem áhuga hafa á að fylgjast með kynbótastarfi og skoða ætterni hrossa og fl.

8. Fundaáætlun fagraðs 2023.

Ákveðið var að þriðja hvern miðvikudag mánaðarlega verði fundað kl 15.30. Næsti fundur verður því 23. ágúst næstkomandi. Sé ekki ástæða til að halda fund er hægt að fella hann niður með góðum fyrirvara.

9. Önnur mál.

Önnur mál sem tekin voru fyrir voru eftirfarandi. Að gerð verði heildarendurskoðun á umgjörð kynbótasýninga í samstarfi við RML. Einnig var rætt um hófasöfnun á hrossum, kynbótahrossum og keppnishrossum. Að sumra mati er stunduð mikil hófasöfnun sem getur orðið að heilsufarsvandamáli, hross bila í fótum vegna þess álags sem myndast af of löngum hófum. Þessu er mikilvægt að taka á m.a. í ljósi umræðu um SLO. Enn fremur getur þetta valdið því að réttar upplýsingar skila sér ekki um hrossin þar sem þetta er jafnan gert til þess að bæta ganglag og fá hærri dóm fyrir hófa. Það þyrfti að taka saman frekari gögn, taka myndir af hófum sem koma til dóms og skoða hófamál í keppni. Þá væri hægt að safna upplýsingum um

heilsufarsvandmál í gegnum tryggingarfyrirtækin sem greiða árlega bætur vegna hvers konar skaða hjá hrossum t.d. í Svíþjóð.

Viðmið um hófamál var breytt fyrir nokkrum árum á kynbótasýningum þar sem leyfileg hófalengd var minnkuð og er það mál manna að ástand hófa hafi mikið breyst með því til batnaðar og mun minna um hófasöfnun. En að sjálfsögðu er gott að rýna betur til gagns og þetta gæti verið gott verkefni að vinna að. Þá kom fram að það standi til að RML bjóði upp á mælingar hrossa. Það er í raun hægt að fá slíkar mælingar nú þegar en það þarf að ramma betur þessa þjónustu inn. Slík gagnasöfnun getur þá nýst í fyrrgreint verkefni og gefur upplýsingar um hross sem fara í keppni, og viðmið um hófalengdir þar, sem og upplýsingar sem verðmætar eru við sölu hrossa.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 18:20

Við pennann: Elsa Albertsdóttir